



Fundargerð 92. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn mánudaginn 19. janúar 2026, kl. 08:30 í fundarsal SSS.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Guðrún P. Ólafsdóttir, Fannar Jónasson, Jóhann Snorri Sigurbergsson, Arnbjörn Ólafsson (fjarfundur) og Árni Sigfússon

Starfsmenn: Daniel Einarsson (sem ritaði fundargerð), Puriður H. Aradóttir Braun og Sigrún Svafa Ólafsdóttir (fjarfundur)

Forföll: Magnús Stefánsson

Gestir: Guðrún Ragnarsdóttir (Strategía)

Dagskrá fundarins:

1. Stjórn skipir með sér verkum.

Stjórnarfundurinn var sá fyrsti að loknum aðalfundi. Kjartan Már Kjartansson var kosinn formaður f.h. Reykjanesbæjar og Guðrún P. Ólafsdóttir varaformaður f.h. sveitarfélagsins Voga.

Samþykkt samhljóða.

2. Tillaga að föstum dagskrárliðum:

- skýrsla verkefnastjóra frá síðasta fundi
- staða verkefna tengd stefnumörkun
- fundir, ráðstefnur og kynningar
- erlent samstarf
- Annað

Stjórn samþykkir þessar tillögur. Jafnframt er ítrekað að fundargerðir verði sendar inn til formlegra leiða til sveitarfélaga eftir samþykkt.

3. Stefnumótun Reykjanes jarðvangs - stöðumat

Guðrún Ragnarsdóttir frá Strategíu var fengin til að gera stöðumat á innleiðingu stefnu jarðvangsins. Farið var yfir stöðu stefnumótunar og helstu verkefna jarðvangsins. Áhersla hefur verið lögð á fræðslu- og kynningarmál frá því að stefnumótun fór fram. Fram kom að mjög vel hefur gengið í fræðslumálum og eftirspurn eftir samstarfi við jarðvanginn er mikil. Þar hefur skipti máli samstarf við Geocamp og ráðning verkefnastjóra fræðslumála. Verkefni á sviði fræðslu og kynningar hafa almennt þróast vel, en það sem stendur helst eftir tengist áfangastöðum á svæðinu.

Bent var á mikilvægi þess að efla tengingar við stjórnsýslu sveitarfélaganna, sérstaklega með tilliti til þróunar, uppbyggingar og reksturs áfangastaða. Þörf er á skýrari verkferlum og formlegri samvinnu milli jarðvangsins, sveitarfélaga og annarra stofnaðila.

Rætt var um nauðsyn þess að efla sýnileika jarðvangsins á svæðinu og ljúka vinnu við fyrirkomulag geopark-fyrirtækja. Sem og að móta framtíðarfyrirkomulag varðandi áfangastaði, uppbyggingu, rekstur og viðhald þeirra

Í umræðum kom m.a. fram að taka þurfi heildstæða afstöðu til hlutverks og framtíðarsýnar gestastofa á svæðinu, auk þess að skýra betur aðgreiningu fræðslu- og kynningarmála. Jafnframt var rætt um mikilvægi þess að auka þekkingu almennings á Reykjanes UNESCO Global Geopark og vinna markvisst að kynningarmálum gagnvart helstu markhópum. Óskað



er eftir því að jarðvangurinn standi að mælingum til að kanna vitund um stofnunina. Einnig að jarðvangurinn og aðilar sem að honum standa vinni að því að efla þekkingu almennings á stofnuninni. Verkefnið er á áætlun fyrir árið 2026.

Stjórnin fagnar samtalinu og tekur undir mikilvægi þess að efla samvinnu við sveitarfélögin, sérstaklega hvað varðar þróun, uppbyggingu og rekstur áfangastaða. Verkefnastjóra var falið að vinna áfram að tillögum um hvernig megi formgera samstarf um verkefni sem snúa að áfangastöðum og þannig að verkferlar séu skýrir milli sveitarfélaga, stofnaðila og jarðvangsins.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 09:35